

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, mánudaginn 15. nóvember kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 845. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hildur Gunnarsdóttir Lilja Grétarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson og Ólafur Melsted.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Eiðsgrandi - Ánanaust, breyting á deiliskipulagi** (01.5) Mál nr. SN210753 Skjalnr. 5357
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda - Ánanausts. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir áningastað við Sjóvarnargarðinn þar sem hann er hæstur. Við breytinguna færist lega núverandi göngu- og hjólastígs lítillaga, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta, dags. 5. nóvember 2021. *Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
- Koparsléttu 4-8, breyting á deiliskipulagi** (34..5) Mál nr. SN210667 Skjalnr. 14519
GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
Malbikstöðin ehf., Flugumýri 26, 270 Mosfellsbær
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Grímu arkitekta ehf. dags. 23. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela, athafnasvæðis, vegna lóðanna nr. 4 og 6-8 Koparsléttu. Í breytingunni felst sameining lóðar 4 við lóð 6-8, sameining tveggja byggingarreita á lóðunum í einn, smávægileg færsla á legu og stærð innkeyrslu á sameinaða lóð frá Koparsléttu og krafa um mænishæð er felld niður, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta ehf. dags. 22. september 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 13. október 2021 til og með 10. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 9. nóvember 2021. *Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Koparsléttu 5, breyting á deiliskipulagi** (34..53.3.702) Mál nr. SN210749 Skjalnr. 14488
Spenn ehf., Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
I62 ehf, Garðsstöðum 15, 112 Reykjavík
Lögð fram umsókn Ragnars Magnússonar dags. 4. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 5 við Koparsléttu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar um 4 m til suðausturs, samkvæmt uppdr. I62 ehf. ódags. *Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

4. **Bárugata 38, (fsp) innkeyrsla og bílastæði** (01.135.2) Mál nr. SN210699
Skjalnr. 6392
Sigurjón Guðbjörn Geirsson, Bárugata 38, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Sigurjóns Guðbjörns Geirssonar dags. 12. október 2021 um að innkeyrsla og bílastæði sem þegar er á lóð nr. 38 við Bárugötu verði heimilað, samkvæmt skissu á yfirlitsmynd ódags. Einnig er lögð fram ljósmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021 samþykkt.
5. **Silfratjörn 6-18, (fsp) breyting á götu o.fl.** (05.052.4) Mál nr. SN210733
Skjalnr. 14414
ALARK arkitektar ehf., Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Arnabakki ehf., Huldubraut 48, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Jakobs Emils Línalds dags. 2. nóvember 2021 ásamt bréfi ódags. um annars vegar færslu á götu fyrir Silfratjörn 6-18 þannig að bílastæði raðhúsa verði fyrir framan húsin norðanvert og hins vegar um að breyta bílskúrum húsanna í hjóla- og vagnageymslu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021 samþykkt.
6. **Fjólugata 13, Garðskáli - sólskáli** (11.851.09) Mál nr. BN059917
Skjalnr. 11727
Tómas Kristjánsson, Fjólugata 13, 101 Reykjavík
Þóra Hrólfsdóttir, Fjólugata 13, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta viðbyggingu með koparklæddu þaki og þakglugga, við suðurhlíð íbúðarhúss á lóð nr. 13 við Fjólugötu. Erindi var grenndarkynnt frá 14. október 2021 til og með 11. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Auður Geirsdóttir f.h. norska sendiráðsins dags. 11. nóvember 2021.
Stækkun: 17,9 ferm., 50,7 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Fornhagi 8, breyting á deiliskipulagi** (01.544.1) Mál nr. SN210729
Skjalnr. 14572
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi við Neskirkju vegna Fornhaga 8 (Hagaborgar). Breytingin felst í því að skilgreina nýjan byggingarreit fyrir færanlegt leikskólahúsnæði í norðurhluta lóðarinnar og auka byggingarmagn á lóðinni um 400 m², samkvæmt uppdrætti Trípólí arkitekta, dags. 26. október 2021.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Hjarðarhaga 54-58 og 60-64 og Neshaga 1 og 3.
8. **Snorrabraut 85, (fsp) fjölgun íbúða** (01.247.5) Mál nr. SN210751
Skjalnr. 14576
Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
ALVA Capital ehf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 4. nóvember 2021 ásamt bréfi dags. 3. nóvember 2021 um fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 85 við Snorrabraut sem felst í að breyta íbúð sem er á 2. og 3. hæð í fjórar litlar íbúðir, samkvæmt uppdr. Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 2. nóvember 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

9. **Stigahlíð 66, (fsp) stækkun lóðar og uppbygging íbúðarhúss** (01.733.3) Mál nr. SN210750
Skjalnr. 7323
Sindri Rafn Sindrason, Bogahlíð 9, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sindra Rafns Sindrasonar dags. 4. nóvember 2021 um stækkun lóðarinnar nr. 66 við Stigahlíð til vesturs í átt að Menntaskólanum við Hamrahlíð, uppbyggingu íbúðarhúss á lóðinni og færslu á göngustíg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Spítalastígur 4 og 6, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.184.0) Mál nr. SN210695
Skjalnr. 11050
Baldur Ólafur Svavarsson, Hlíðarbyggð 14, 210 Garðabær
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Baldurs Ólafs Svavarssonar dags. 7. október 2021 ásamt bréfi dags. 4. október 2021 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.0, Bergstaðastrætisreits, vegna lóðanna nr. 4 og 6 við Spítalastíg sem felst í að sameina baklóðirnar tvær nr. 4B og 6B í eina lóð og stækka lóðina á kostnað nr. 4 og 6. Sameina byggingarreiti í einn reit og skipta væntanlegri nýbyggingu í fjórar lóðréttar einingar. Fella út innkeyrslu að nr. 4B í gegnum viðbyggingu nr. 4 við Spítalastíg og heimila að byggja í gatið sem þar hefdi annars verið. Aðkoma að hinni sameinuðu lóð nr. 4B og 6B yrði þá ein þ.e. sú sem fyrirhuguð er við nr. 6, samkvæmt uppdr. Úti og inn arkitekta dags. 4. október 2021
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Haðarstígur 12 og 14, (fsp) hækkun húss o.fl.** (01.186.6) Mál nr. SN210758
Skjalnr. 14577
Trípólí ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Eygló Óskarsdóttir, Granaskjól 90, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Trípólí ehf. dags. 8. nóvember 2021 um hækkun á þaki og mænir hússins á lóðunum nr. 12 og 14 við Haðarstíg svo koma megir fyrir herbergjum undir súð, breytingu á fyrirkomulagi 1. hæða hússins og lækkun á kjallaragólfi svo hægt sé að nýta hann sem geymslur og vinnuherbergi annars vegar og sjálfstæða íbúð hins vegar, samkvæmt drögum að aðaluppdráttum Trípólí ehf. dags. 3. nóvember 2021
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Seljavegur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.130.2) Mál nr. SN210692
Skjalnr. 13910
Maison ehf., Siðumúla 35, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn Maison ehf. dags. 6. október 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 1 við Seljaveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja tveggja hæða hús með þremur smáíbúðum og útisvæðum á þaki ásamt því að setja tvö yfirbyggð bílastæði á norðurhluta lóðar við Nýlendugötu. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar og byggingarmagn eykst, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarpssuppr. Studio Granda dags. 20. ágúst 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
13. **Þórsgata 27, (fsp) hringstigi** (01.181.3) Mál nr. SN210731
Skjalnr. 11538
Páll V Bjarnason, Laufásvegur 7, 101 Reykjavík
Bjarni Frimann Karlsson, Þórsgata 27, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Páls V Bjarnasonar dags. 1. nóvember 2021 um að setja hringstiga upp á svalir á risi hússins á lóð nr. 27 við Þórsgötu, samkvæmt tillögu P ark teiknistofu dags. 29. apríl 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

14. **Bergstaðastræti 81, Bílgeymsla** (11.964.07) Mál nr. BN060089
Skjalnr. 14403
- Geir Valur Ágústsson, Brekkugata 27, 600 Akureyri
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að bílgeymslu með tilheyrandi innkeyrslu frá götu við suð austur lóðarmörk, þak bílgeymslunnar verði hluti af efri verönd lóðar húss á lóð nr. 81 við Bergstaðastræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021.
- Stækkun er: 39,8 ferm., 133,8 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 14. október 2021, afrit af lóðaruppdrætti dags. 5. maí 2015 og afrit af gildandi aðaluppdráttum samþykktir 27. júní 2006 og 28. nóvember 1974. Gjald kr.12.100
- Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021.*
15. **Fossagata 14, (fsp) tvöfaldur bílskúr** (01.636.7) Mál nr. SN210344
Skjalnr. 14460
- Sindri Snær Ómarsson, Fossagata 14, 102
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. júní 2021 var lögð fram fyrirspurn Sindra Snæ Ómarssonar dags. 6. maí 2021 um að gera tvöfaldan bílskúr á lóð nr. 14 við Fossagötu. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju.
- Frestað. Fyrirspyrjandi hafi samband við embættið.*
16. **Urðarstígur 4, (fsp) stækkun húss** (01.186) Mál nr. SN210708
Skjalnr. 14268
- Ragnheiður Kristinsdóttir, Urðarstígur 4, 101 Reykjavík
Þórir Jónsson Hraundal, Urðarstígur 4, 101 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Þóris Jónssonar Hraundals og Ragnheiðar Kristinsdóttur dags. 11. október 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 4 við Urðarstíg, samkvæmt uppdráttum Teiknistofunnar Óðinstorgi dags. 1. október 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021.
- Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.*
17. **Járnháls 2-4, breyting á deiliskipulagi** (04.323.3) Mál nr. SN210732
Skjalnr. 11742
- Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
- Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 1. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir. Kvöð um umferð er sett á lóðina fyrir umferð að Krókhálsi 3 (neðri hæð) ásamt því að ný lóðarlína er dregin í miðju þeirrar kvaðar og bætt við umferð að Krókhálsi 1 (neðri hæð). Byggingarreitir eru stækkaðir og nýtingarhlutfall hækkað ásamt því að kvaðir sem eru á mæliblaði fyrir Járnháls 2-4 eru færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt og ný aðkoma er gerð að lóð nr. 4, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 12. október 2021.
- Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

18. **Síðumúli 1, (fsp) breyting á notkun og svalir** (01.292.0) Mál nr. SN210745
Skjalnr. 8862
Ragnar Sær Ragnarsson, Einholt 10, 105 Reykjavík
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ragnars Sævar Ragnarssonar dags. 2. nóvember 2021 um breytingu á notkun rýma merkt F2015184 og F20155185 í húsinu á lóð nr. 1 við Síðumúla úr skrifstofu í íbúð og setja svalir á norðausturgafli hússins, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 2. nóvember 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Gamla höfnin - Vesturbugt, reitir 03 og 04, breyting á deiliskipulagi** (01.0) Mál nr. SN200626
Skjalnr. 12229
Pálmar Kristmundsson, Aðalstræti 25, 470 Þingeyri
Vesturbugt ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 7. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar, Gamla höfnin, vegna reita 03 og 04. Í breytingunni felst að göturými Hlésgötu er bætt við reiti 03 og 04 og stækka svæðin sem því nemur, fjölga íbúðum úr 170 í 192, heimilt verði að breyta 3 raðhúsum á reit 03 í fjölbýlishús með því að tengja þau húsinu við hliðina (Mýrargata) með svalagangi, heimilt verði að breyta 2 x 3 raðhúsum á reit 04 í fjölbýlishús með því að tengja þau hornhúsunum sín hvoru megin með svalagöngum, heimilt verði að nýta jarðhæð á suðvestur horni á reit 04 fyrir allt að 7 íbúða búsetuúrræðiskjarna o.fl., samkvæmt uppdr. PK Arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2021. Einnig er lagt fram minnisblað Einars I. Halldórssonar, dags. 20. maí 2021. Tillagan var auglýst frá 15. júní 2021 til og með 28. júlí 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: bókun fulltrúa Pírata og fulltrúa íbúasamtaka í íbúaráði Vesturbæjar dags. 18. júní 2021, Pétur Einarsson f.h. húsfélagsins Mýrargötu 26 dags. 6. júlí 2021 og Veitur dags. 28. júlí 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2021 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
20. **Háskóli Íslands, ósk um samstarf við gerð rammaskipulags** (01.6) Mál nr. SN200453
Skjalnr. 7274
Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2021 var lagt fram bréf rektors Háskóla Íslands dags. 7. júlí 2020 þar sem óskað er eftir samstarfi við gerð rammaskipulags fyrir Háskóla Íslands. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
21. **Njálsgata 89, Leikskóli - Miðborgaskóli** (12.403.09) Mál nr. BN060048
Skjalnr. 14014
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að reisa leikskóla - Miðborgarskóla - mhl. 03 á þremur hæðum á kjallara með burðarvirkið að hluta staðsteypt og að hluta úr krosslímdum timbureiningum, sem klæddar verða með hvíttri álklæðningu, stækka mhl. 01, sem er gæsluvallarhús og að koma fyrir hjólastæðum út á lóð, á lóð nr. 89 við Njálsgötu.
Erindi fylgir varmatapsrammi, dags. 11. október 2021, hljóðvistarskýrsla, dags. september 2021 og greinagerð um algilda hönnun, dags. 11. október 2021. og aftur 29. október 2021. Stækkun á gæsluhúsi, mhl. 01: 51,8 ferm., 147,9 rúmm. Stærð nýs leikskóla, mhl. 03: 1.415,1 ferm. 5.670,53 rúmm.
Stærð hjólaskýlis: XX ferm og XX rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

22. **Ármúli 28 og 30, (fsp) hækkun húss** (01.292.1) Mál nr. SN210735
Skjalnr. 14573
Selið Fasteignafélag ehf., Litlakrika 2, 270 Mosfellsbær
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Selsins Fasteignafélags ehf. dags. 21. október 2021 um hækkun hússins á lóðunum nr. 28 og 30 við Ármúla um eina inndregna hæð, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 21. október 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Hrísateigur 18, Svalir og rishæð** (13.462.04) Mál nr. BN060098
Skjalnr. 13935
Myrra Leifsdóttir, Hrísateigur 18, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir nýju vindfangi, gera þakglugga og svalir á rishæð og 2. hæð, með stiga niður í garð, á suðausturgafli auk þess sem innra skipulagi hæða er breytt í húsi og bílskúr 0102 er breytt í vinnustofu/geymslu á lóð nr. 18 við Hrísateig.
Stækkun vegna vindfangs er: 2,8 ferm., 11,0 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
24. **Laugavegur 105, Breytingar inni -** (12.400.05) Mál nr. BN060167
Skjalnr. 10620
Gististaður fl.2 teg.g 3-5 hæð
Hlemmur ehf., Fjallalind 102, 105 Reykjavík
Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi 1.-5. hæða og kjallara. Í kjallara er komið fyrir geymslum fyrir allar íbúðir auk þvottahúss, á 1. hæð er komið fyrir hjólageymslu, sorpgeymslan er færð og gluggagat síkkað á suðausturhlið til að koma fyrir hurð inn í nýja sorpgeymslu, á 2. hæð er íbúðum fækkað úr 11 í 8, á 3.-5. hæð er komið fyrir 35 íbúðum ætlaðar undir rekstur á gististað í flokki II tegund g í húsi á lóð nr. 105 við Laugaveg.
Stærð er: Óbreytt. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afritum aðaluppdráttá samþykktir þann 7. október 2014. Gjald kr.12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
25. **Nýlendugata 21 og 21A, (fsp) breyting á** (01.131.2) Mál nr. SN210333
Skjalnr. 14457
deiliskipulagi
Argos ehf, Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. maí 2021 var lögð fram fyrirspurn Stefáns Arnar Stefánssonar dags. 5. maí 2021 ásamt greinargerð dags. 7. apríl 2021 um breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðanna nr. 21 og 21A við Nýlendugötu sem felst í að auka megi porthæð við leyfða hækkun þaks á báðum lóðum, heimilað verði að hafa áfram tvær hæðir í bakbyggingu á lóð nr. 21 ásamt tengibyggingu við framhús, heimilað verði stigahús að gangstétt á lóð nr. 21A og stakstætt vinnuhúsnæði á baklóð á einni hæð ásamt því að heimilt verði að vera með sjö íbúðir innan lóða, samkvæmt uppdr. Argos ehf. dags. 1. febrúar 2021. Einnig var lagt fram yfirlit yfir núverandi stærðir og fyrirhugaða stækkun og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí 2021. Lagt fram að nýju ásamt breytttri tillögu Argos ehf. dags. 4. nóvember 2021, sem m.a. gerir ráð fyrir 6 íbúðum í stað 7 íbúðir og sameiningu lóðanna. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021 samþykkt.

26. **Síðumúli 10, (fsp) stækkun húss** (01.292.3) Mál nr. SN210725
Skjalnr. 9761
a2f arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Búseti húsnæðissamvinnufélag, Síðumúla 10, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lögð fram fyrirspurn a2f arkitekta ehf. dags. 21. september 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 10 við Síðumúla sem felst í að byggja ofaná núverandi hús og byggja við húsið á suðausturhluta lóðarinnar. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. nóvember 2021 samþykkt.
27. **Suðurlandsbraut 56, (fsp) nýtt skipulags og uppbygging á lóð** (01.463.2) Mál nr. SN210748
Skjalnr. 9221
Trípólí ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Trípólí ehf. dags. 3. nóvember 2021 ásamt bréfi Reita fasteignafélags hf. dags. 2. nóvember 2021 um gerð nýs skipulags og uppbyggingu á lóð nr. 56 við Suðurlandsbraut, samkvæmt tillögu Trípólí ehf. dags. 16. febrúar 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:25.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir